

Komið þið sæl lesendur góðir.

Við hjá stjórn hnefaleikafélags Akraness tókum upp umræðu á aðalfundi okkar þann 8.mars s.l um hvort ekki væri vegur að nýta fyrirhugaðar framkvæmdir á fimleikahúsi til fullnustu, fyrst á að fara út í þær á annað borð.

Okkur datt í hug, og höfum talað fyrir síðustu ár, að hafa kjallara undir öllu fimleikahúsinu með 3,5 – 4,0 metra lofthæð. Það þarf hvort eða er að grafa djúpt til þess að gera grunninn, afhverju ekki að skilja hann eftir holann, setja upp burðarsúlur/veggi til þess að gera þennan kjallara sem gæti nýst svo mörgum öðrum í leiðinni?

Þarna gæti skapast pláss fyrir dýnulögð rými sem mætti samnýta undir ýmsar íþróttir. Það er hægt að gera flenni stórann líkamsræktarsal, tæplega 50m skotbrautir fyrir skotfélagið, sal fyrir hnefaleika með standandi hring, flotta aðstöðu fyrir kraftlyftingar og karate svo fátt eitt sé nefnt.

Þó svo að fimleikarnir fari úr stóra salnum uppi þá finnum við sem erum með okkar starfssemi í kjallaranum lítið fyrir því. Rýmin okkar sem nýst hafa mjög vel s.l ár og áratugi eru annaðhvort orðin eða alveg að verða of lítil fyrir okkar starfssemi. Auk þess er mjög ábótavant með ýmiskonar viðhald þó svo að margt hafi verið gert vel síðustu 2-3 árin.

Ef ég tek hnefaleikana sem dæmi þá voru á tímabili 20-25 manns að staðaldri á hverri æfingu hjá okkur og það er of mikill fjöldi til að salurinn beri það með góðu móti. Einnig er lofthæð eitthvað sem háir bæði okkur og kraftlyftingunum í núverandi aðstöðum.

Við erum að sjálfsögðu ekki að fara fram á neitt, ég vil taka það fram að við erum mjög ánægð og þakklát fyrir að fá yfir höfuð aðstöðuna sem við höfum nú þegar. Við viljum einungis benda á möguleikann sem er fyrir hendi til að framkvæmdirnar nýtist sem flestum og geri aðstöður félagana enn og betri.

Ég læt fylgja grófa mynd (ekki í réttum hlutföllum) sem ég hennti saman með hugsanlega hólfaskiptingu sem mér datt í hug. Eins tillögur til notkunar á gömlu rýmumunum.

Kær kveðja,

f.h stjórnar hnefaleikafélags Akraness.

Örnólfur Stefán Þorleifsson, formaður.